

Hafnarfirði, 12. febrúar 2020

Efni: Sjálfstæði Engidalsskóli


Ósk um sjálfstæði Engidalsskóla hefur verið lögð fram á þeim forsendum að hagkvæmni í rekstri grunnskóla með eina stóra einingu og aðra minni sé ekki til staðar. Hvorki faglega, stjórnunarlega né almennt í rekstri. Óverulegur kostnaður yrði við framkvæmdina.

Engidalsskóli yrði grunnskóli frá 1. – 6. bekk um óákveðinn tíma. 7. bekkur færi í Víðistaðaskóla. Félagsmiðstöð Víðistaðaskóla og Engidalsskóla yrði rekin saman í Víðistaðaskóla. Frístundarheimilin rekin líkt og gert er í dag í sitthvoru lagi.

Sjálfstæði Engidalsskóla myndi ekki gera ráð fyrir aukningu í kennslumagni eða úthlutun til stjórnunar í hvorugum skólunum. Kennslutímum hefur alltaf verið úthlutað á sitthvora starfsstöð miðað við nemendafjölda og hefur úthlutun til stjórnunarstarfa verið aukin frá sameiningu skólanna 2010 vegna samrekstrar (líkt og kjarasamningar gera ráð fyrir). Einhver breyting verður á launaflokkum þeirra sem sinna stjórnunarstörfum en það er ekki hægt að áætla þær fjárhæðir fyrr en við vitum hverjir vinna þessi störf (kjarasamningsbundnir þættir). Sparnaður næst í kostnaði vegna kennslusíma og aksturs á milli starfsstöðva þar sem greiðslur hafa komið til vegna þessa, um hálf stöðugildi kennara á ári.

Til framtíðar yrði Engidalur grunnskóli fyrir 1. – 7. bekk rekinn í sama húsnæði og leikskólinn Álfaberg líkt og núverandi skipulag gerir ráð fyrir.

Skjalasafn Hafnarfjarðar þarf að færast í annað húsnæði sem fyrst til að nýta megi rýmin til kennslu í fjölbreyttu skólastarfi. Það myndi flýta fyrir stækkun hans upp í 7. bekk.



Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs